



Vinarþel til íbúa Grindavíkur !

reykjanesbaer.is

Allir með!



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Reykjanesbær
velliðan fyrir alla

Við viljum minna á að öll ungmenni eru velkomin á opin hús hjá okkur en viljum ítreka að Grindvíkingar eru hjartanlega velkomnir í Fjörheima.

Hjá okkur er hægt að taka því rólega, nýta sér afþreyingu hússins og spjalla við starfsfólk og aðra.

BETTER
TOGETHER



Opin hús fyrir 5.-7. bekk eru þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18:30-20:00

Opin hús fyrir 8.-10. bekk eru mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 19:30-21:30

Kósý klúbbur fyrir 8.-10. bekk er alla fimmtudaga kl. 20:00-21:30

FJÖR
HEIMAR
HEILSUEFLANDI

Við erum með Grindavík í liði, áfram Grindavík!

Keflavík og Grindavík

Það er óhætt að segja það að síðustu dagar hafa verið erfiðir hér á Reykjanesinu og sérstaklega fyrir nágranna okkar í Grindavík þar sem búið að er nýma heilt bæjarfélag.

Við hjá Keflavík settum okkur strax í samband við framkvæmdarstjóra og yfirþjálfara deilda hjá Grindavík í gær og buðum fram aðstoð okkar. Þeir þjálfarar hjá UMFC sem geta einnig mætt með iðkendum sínum á æfingar ef þess er kostur. Það er nokkuð ljóst að það eru sennilega margar fjölskyldur sem dvelja hér í bæjarfélaginu núna og okkar dyr standa opnar fyrir iðkendur Grindavíkur sem stunda íþróttir og eru þið öll velkomin á æfingar hjá Keflavík. Þess má geta að Keflavík er í samtarfi með Reyni, Viði og Njarðvík í stúlknaflökkum í knattspyrnu og með Reyni og Viði í 2. flokki karla og kvenna.

Hér má finna æfingatöflur hjá deildum okkar og ef það eru einhverjar spurningar þá má endilega senda á hjords@keflavik.is

- Knattspyrnudeild
- Körfubolti
- Fimleikar
- Taekwondo
- Sund
- Blak
- Rafíþróttir
- Badminton
- Skotdeild

Við vonum svo sannarlega að allt fari á besta veg og lífið fari í eðlilegan farveg á endanum. Í íþróttasamfélaginu erum við öll ein fjölskylda og stöndum saman þegar á reynir. Hugur okkar er hjá fólkinu í Grindavík á þessum óvissutímum



Allir með!



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Reykjanesbær
vellíðan fyrir alla



Kæru Grindvíkingar,
við hjá Fjörheimum félagsmiðstöð
bjóðum upp á sal til að halda barna
afmæli ykkur að kostnaðarlausu.



Skannaðu kóðann, veldu
dagsetningu, fylltu inn
upplýsingar og skrifaðu að þú
sért frá Grindavík neðst.
Gangi ykkur vel!

Hafnargata 88, 230 Reykjanesbær - www.fjorheimar.is

**Allir
með!**




HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Reykjanesbær
vellíðan fyrir alla



KEFLAVÍK-ÁLFTANES
FÖSTUDAGINN 17.NÓV KL.19.15
LEIKVÖLLUR: BLUEHÖLLIN

ALLUR ÁGÓÐI AF LEIKNUM RENNUR
TIL GRINDAVÍKUR
#viderumgrindavik

BORGARAR FRÁ KL.18.15



Allir iðkendur Grindavíkur boðnir velkomnir á æfingar UMFN Knattspyrnudeild og Körfuknattleiksdeild Njarðvíkur býður öllum iðkendum Grindavíkur endurgjaldslaust á æfingar.

Æfingatöflu Knattspyrnudeildar má nálgast hér:

<https://www.umfn.is/aefingatafla-3/>

Æfingatöflu Körfuknattleiksdeildar má nálgast hér:

<https://www.umfn.is/aefingatafla-karfa/>

Hugur allra Njarðvíkinga er hjá Grindvíkingum á þessum óvissutímum.

UMFN sendir öllum Grindvíkingum baráttukveðjur 



**KNATTSPYRNUDEILD OG KÖRFUKNATTLEIKSDEILD
NJARÐVÍKUR BÝÐUR ÖLLUM IÐKENDUM GRINDAVÍKUR
ENDURGJALDSLAUST Á ÆFINGAR.**

**HUGUR ALLRA NJARÐVÍKINGA ER HJÁ GRINDVÍKINGUM Á
ÞESSUM ÓVISSUTÍMUM.
UMFN SENDIR ÖLLUM GRINDVÍKINGUM
BARÁTTUKVEÐJUR.**

Allir með!


HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Reykjanesbær
vellíðan fyrir alla



Sundráð ÍRB

4 dagar · 🌐



Sundráð ÍRB býður öllum sundiðkendum úr Grindavík að æfa frítt í sundhópum ÍRB. Við munum vinna að nánara skipulagi í samstarfi við þjálfara Grindavíkur.



👍❤️👤 70

1 ummæli 20 deilingar

👍 Líkar þetta

🗨️ Skrifa ummæli

🔄 Deila



**Allir
með!**




HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Reykjanesbær
velliðan fyrir alla

KÆRU ÍBÚAR GRINDAVÍKUR, HUGUR OKKAR
ER HJÁ YKKUR OG ERUÐ ÞIÐ VELKOMIN Í
SUND Í VATNAVERÖLD ENDURGJALDSLAUST



EF YKKUR VANTAR LÁNUÐ SUNDFÖT OG
HANDKLÆÐI,
ÞÁ EIGUM VIÐ ÞAÐ TIL.

DEAR RESIDENTS OF GRINDAVÍK, OUR
THOUGHTS ARE WITH YOU AND YOU ARE
WELCOME TO OUR SWIMMING POOL FOR FREE



IF YOU NEED SWIMWEAR OR TOWELS
BORROWED WE HAVE IT AVAILABLE.

Allir með!




HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Reykjanesbær
vellíðan fyrir alla



KFUM og KFUK Suðurnes

2 dagar · 🌐



Kæru Grindvíkingar 🍷💙

Hér er tilkynning frá KFUM og KFUK á Íslandi:

Öll börn eru hjartanlega velkomin í æskulýðsstarfið okkar í öðrum kirkjum og félagsheimilum. Það er mikilvægt fyrir börn og ungt fólk að eiga skemmtilegar og uppbyggilegar stundir með jafnöldrum sínum á þessum óvissu tímum.

Æskulýðsstarf KFUM og KFUK í Grindavíkurkirkju fyrir 8.-10. bekk og ungleiðatoga hefur verið flutt í höfðuðstöðvar KFUM og KFUK við Holtaveg 28 í Reykjavík. Þar verður fundur á morgun, þriðjudag kl. 20:00–21:30. Leiðtogarnir Guðmundur Tómas og Agnar taka á móti þátttakendum.

Hér í Reykjanesbæ er starf fyrir börn í vinadeild, yngri deildum og unglingadeildum. Við erum í félagsheimili okkar að Hátúni 36 og í safnaðarheimili Njarðvíkurkirkju í Innri Njarðvík, við tökum vel á móti ykkur 😊

Upplýsingar um æskulýðsstarfið er að finna hér:



HÁTÍÐAR- OG INNTÖKUFUNDUR

Allir með!



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Reykjanesbær
vellíðan fyrir alla



Skátafélagið Heiðabúar

4 dagar · 🌐



Kæru Grindvíkingar !

Skátafélagið Heiðabúar vilja bjóða börn hjartanlega velkomin að koma til okkar næstu daga og vikur á skátafundi til að eiga ánægjulegar stundir með jafnöldrum sínum á þessum óvissu tímum.

Fundartímar :

Mánudagar

Fálkaskátar - (5 til 7 bekkur)

Klukkan 17-18:30

Rekkaskátar (16-18 ára)

Klukkan 20:00-21:30

Þriðjudagar

Drekaskátar - (2-4 bekkur)

Klukkan 17-18:30

Dróttskátar (8-10 bekkur)

Klukkan 20:00-21:30

Miðvikudagar

Spilakvöld fyrir börn í 8 bekk og eldri kl 20:00-22:00

Öll hjartanlega velkomin og endilega hafið samband við okkur í gegnum mailið okkar heidabuar1937@gmail.com eða í gegnum facebook síðu Heiðabúa ef það eru frekari spurningar!

Kærleikskveðjur,

Heiðabúar

Allir
með!


HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Reykjanesbær
velliðan fyrir alla



Skátafélagið Heiðabúar

2 dagar · 🌐



Móttaka á fatnaði fyrir Grindvíkinga

Við hjá skátafélaginu Heiðabúum höfum ákveðið að opna húsið okkar að Hringbraut 101 í Reykjanesbæ og taka á móti fatnaði fyrir Grindvíkinga.

Opið verður á mánudögum, þriðjudögum og föstudögum milli kl 12-15 (þá er bæði hægt að nálgast föt og koma með föt)

Auk þess er móttaka á fatnaði á mánudögum kl 17:00-18:30.

Grindvíkingar velkomnir að koma og fá fatnað.
Heitt verður á könnunni

Grindvíkingar velkomnir í
Virkjun
Útskurður – billiard –
pílukast – föndurherbergi
Opið á mánudögum og
fimmtudögum frá 08.00 –
16.00




VIRKJUN
Flugvallarbraut 740, 235 Reykjanesbæ



Júðófélag Reykjanesbæjar

- Við hjá júðófélagi Reykjanesbæjar hörmum þá atburði sem átt hafa sér stað í Grindavík og finnum til með ykkur á þessari erfiðu stundu. Við bjóðum alla Grindvíkinga velkomna á æfingar hjá okkur frítt. Við lánum einnig fatnað til æfinga.
- Skráning fer fram á judojrb@gmail.com
- Júðófélag Reykjanesbæjar
-



**Langar þig að æfa judo?
Alltaf frítt að prufa.**

English:
do you want to practice judo?
Always free to try.

Polish:
chcesz ćwiczyć judo?
zawsze za darmo, aby spróbować.

українська:
Кочеш займатися дзюдо?
Завжди безкоштовно спробувати.

JRB
Judofélag Reykjanesbæjar

Judofélag Reykjanesbæjar
Judofélag Reykjanesbæjar (JRB)
Public group
Joined Invite

Judojrb@gmail.com

Judofélag Reykjanesbæjar
Share your QR code so others can follow you
TikTok

- Næstkomandi laugardag, þann 25. nóvember verður samverustund fyrir Grindvíkinga á Brons frá kl. 14-18.
- Allir velkomnir að hittast og eiga góða stund saman.
- ♥ Frítt í pílu fyrir alla
- ♥ Sibbi trúbador tekur gítarinn
- ♥ Borðspil í boði félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima
- ♥ 25% afsláttur af öllum mat á Brons





Kjartan Már Kjartansson

23 klst. · 🇮🇸



UPPLÝSINGAR FRÁ REYKJANESBÆ VEGNA ÁHRIFA NEYÐARSTIGS ALMANNAVARNA Á ÍBÚA GRINDAVÍKUR

Eins og margir einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir, ríkisstjórn og sveitarfélög hefur Reykjanesbær veitt bæjaryfirvöldum og íbúum Grindavíkur margvíslega aðstoð auk þess sem fleiri mögulegar aðgerðir og verkefni eru í skoðun.

Húsnæði

Embætti byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar er að kortleggja, í samvinnu við fasteignasala og verktaka á Suðurnesjum, mögulegt íbúðahúsnæði. Þeim upplýsingum verður svo komið til Innviðaráðuneytisins sem heldur miðlægt utan þessar upplýsingar.

Leik- og grunnskólar

Nú þegar hefur verið óskað eftir skólavist fyrir á annan tug barna úr Grindavík í grunnskólum Reykjanesbæjar. Þegar skólayfirvöld í Grindavík hafa náð sér á ný, og vitað er hvar starfsfólk og nemendur leik- og grunnskóla eru niðurkomin, munu þau taka forystu í málaflokknum. Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að taka við fleiri nemendum ef óskað verður. Í einhverjum tilfellum er húsrúm til staðar en ekki starfsfólk og kemur til greina að nýta laust húsnæði ef starfsfólk úr Grindavík fylgir.

Fjöldahjálparstöð

Íþróttahúsið við Sunnubraut er í viðbragðsáætlunum skilgreint sem fjöldahjálparstöð í Reykjanesbæ. Þar er hægt að koma fyrir dísilrafstöð með skömmum fyrirvara ef rafmagnslaust verður. Almennavarnadeild Ríkislögreglustjóra ákveður hvenær ástæða er til að opna fjöldahjálparstöð og kallar til Rauða Krossinn sem kemur með rúm og annan nauðsynlegan búnað og sér um að veita áfallahjálpar og margvíslega aðra þjónustu.

Þegar ákveðið var að rýma Grindavík sl. föstudagskvöld var um leið ákveðið að opna fjöldahjálparstöð á Sunnubrautinni en henni hefur nú verið lokað og búið að koma þeim sem eftir voru í annað húsnæði. Nokkrir tugir íbúa úr Grindavík hafa gist í fjöldahjálparstöðinni, sumir eina nótt en aðrir lengur. Þegar viðbúnaðarstig almannavarna er á neyðarstigi eins og nú er hefur það forgang fram yfir allt annað.

Velferðarþjónusta



Velferðarsvið Reykjanesbæjar hefur boðið fötluðum og öðrum skjólstæðingum félagsþjónustu Grindavíkur aðstoð og aðstöðu. Einnig er verið að skoða hvort félagsráðgjafar og starfsfólk á vegum Grindavíkurbæjar sem veitir margvíslega stuðningsþjónustu við aldraða og fatlaða geti fengið aðstöðu í Ráðhúsi Reykjanesbæjar og/eða á Nesvöllum. Þá býðst öldruðum að taka þátt í félagsstarfi á Nesvöllum ef starfsfólk fylgir með og að kaupa hádegismat í þjónustumiðstöðinni. Þá getur Skjólíð, frístundaúrræði fatlaðra barna í 5. bekk og eldri, veitt starfsmönnum þessa hóps hjá Grindavíkurbæ aðstöðu fyrir sína starfsemi í Ungmennahúsinu Hafnargötu 88. Samkomustaður og Vatnaveröld

Verið er að skoða staðsetningar fyrir Grindvíkinga að koma saman. Reykjanesbær hefur boðið fram Rokksafnið og eru Rauði Krossinn og Almennavarnir að skoða hvernig því verður best háttað. Vatnaveröld hefur boðið Grindvíkingum frían aðgang sem þeir geta nýtt til að fara í sturtu og/eða laugina.